




LISTASAFN REYKJAVÍKUR – ÁSMUNDARSAFN



7.4 – 2.5 2004

**PÍRAMÍDARNIR**

Guðný Guðmundsdóttir



## INNGANGUR

Ásmundarsafn við Sigtún hefur um áratuga skeið verið einn af fóstum punktum í menningarlandslagi Reykjavíkurborgar. Húsið er helgað verkum listamannsins Ásmundar Sveinssonar sem byggði húsið eigin höndum, bjó þar ásamt fjölskyldu sinni og vann þar mörg sin eftirminnilegustu verk, sem nú prýða safnið og garðinn umhverfis það.

Ásmundur var ætíð áhugamaður um samtímalist og það sem ungt listafólk var að fást við á hverjum tíma, og því er það mjög í hans anda að öðru listafólki hefur verið boðið að sýna verk sín tímabundið í safninu samhliða verkum hans. Á síðasta vetri var þremur listamönnum boðið að skapa innsetningar í einu rými safnsins, kúlunni. Þetta tókst afar vel, og því hefur verið ákveðið að halda áfram slíkum verkefnum, að þessu sinni í nýju rými og hefur Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistamaður verið fengin til þess að stýra þessum sýningum.

Fram að vori munu þrjú listamenn, þau Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Erling Þ.V. Klingenberg og Guðný Guðmundsdóttir skapa nýjar innsetningar í fyrrum vinnustofu Ásmundar í fremsta hluta safnsins, píramíðunum. Þetta verkefni sýnir enn á ný að Ásmundarsafn er góður vettvangur fyrir lífandi myndlist, og að góð list getur opnað umhverfi sitt með óvæntum hætti.

*Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

## INTRODUCTION

The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum has for decades been one of the cornerstones in the cultural landscape of the city of Reykjavík. The building is dedicated to exhibiting the works of the artist who built the house, lived there with his family and created many of his most memorable works there, which now adorn the Museum and the small park around it.

Ásmundur Sveinsson was always very interested in contemporary art and what young artists were working on at any give time, and it is very much in his spirit that other artists have been invited to exhibit temporarily in the Museum, together with his works. Last winter three artists were invited to create their own installations in one of the spaces of the Museum, the Dome. Following the success of this project it has been decided to continue with such exhibitions, this time in a different space. Curator for the exhibitions is artist Hekla Dögg Jónsdóttir.

Until spring three artists, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Erling Þ.V. Klingenberg and Guðný Guðmundsdóttir will create new installations in Sveinsson's former studio at the front of the Museum, in the pyramids. This project shows once again that the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum is a good venue for living art, and that good art can open its surroundings up in surprising ways.

*Eiríkur Þorláksson,  
Director of Reykjavík Art Museum*



## PÍRAMÍDARNIR


Á þriðju og síðustu sýningunni í Píramíðunum mætir Guðný Guðmundsdóttir til leiks. Í verkum sínum teflir hún saman táknum og myndum úr umhverfinu og vefur þeim saman þannig að sífellt myndast nýtt samhengi. Andrúmsloft þessara mynda heldur tryggð við klassíska hefð. Í meðförum hennar umbreytist þessi hefð í andstæðu sína. Guðný tengir hana minningum og endurvinnur þannig fortíðina á eigin forsendum. Hreyfing og myndbygging eru Guðnýju ávallt hugleikin. Áhorfandinn byrjar ósjálfrátt að ferðast í huganum fyrir framan innsetningar hennar. Þær leiða hugann að þríviðri teikningu sem breytist um leið og líkami áhorfandans færast úr stað. Á sýningunni hér í Píramíðunum stendur sýningarkassi, afmarkaður og lokaður heimur sem samt er hægt að sjá í gegnum. En þessi kassi er reyndar brotinn og galopin. Hlutir vaxa út úr honum og það glittir í kjarnann. Teikningarnar eru skrásetning á gangvirki hluta sem mynda einskona landakort listamannsins. Þetta eru myndir af óljósu og mjög persónulegu ferðalagi. Það virðist engan enda ætla að taka.

*Hekla Dögg Jónsdóttir,  
sýningarstjóri*

## THE PYRAMIDES

Guðný Guðmundsdóttir takes centre stage in the third and last exhibition in the Pyramids. Her work brings together symbols and images from her surroundings, weaving them together to create a new context. The atmosphere of these works is loyal to classical traditions. Shaped by Guðný, this tradition is transformed into its antithesis. She relates it to memories and in that way re-works the past in her own terms. Movement and composition are continually present. While standing in front of Guðný's installations, the spectator involuntarily begins to travel in his or her mind. They remind of a three-dimensional drawing that changes as soon as the spectator's physical body is re-positioned. The exhibition here in the Pyramids contains an exhibition box. It is a limited, closed world that is nonetheless transparent. The box is, in fact, broken and wide open. Objects grow out of it and we catch a glimpse of the core. The drawings document the mechanics of objects that create a sort of map by the artist. These are pictures of a vague and very personal journey which appears to have no end.

*Hekla Dögg Jónsdóttir,  
curator*





## RÖDD

„Já einmitt, náttúran er alltaf svo rosalega saklaus, og allt fram streymir auðvitað endalaust, er á hreyfingu, í huganum, já svona sleip minning, eða frosið vatn, algjört skautasvell, annað samhengi, samsetning, maður getur stoppað og raðað, maður setur upp, stillir, upp á hillu kannski, stytta alveg eins, úr gipsi eða snjóskafli, bráðnar inni í kúlúhúsi, snjóhúsi, úr gipsi, nei steypu, tímabundinni fasteign, sem listamaður byggði og tilheyrir okkur öllum, eftir hans dag, verðmæti, sem ganga ekki lengur kaupum og sölum, safnalist sem fer aftur á hreyfingu, maður fer í aðrar stellingar hérna inni, röltir um, tóltir jafn kurteislega og taminn hestur, allt samt á fullu, inni í hausnum, hauskúpunni, annað jafn kyrrt og til dæmis tvö gegnsæ ljósrit af svörtum mönnum, jafn stöðugt, og augnaráð Coco Chanel, á mjög góðum degi.“

Haraldur Jónsson

## VOICE

“Yes, so true, nature is always so incredibly innocent, and everything streams endlessly forth, of course, is in motion, in the mind, yes a sort of slippery memory, or frozen water, a total skating rink, another context, composition, you can stop and combine, set up, position, up on a shelf perhaps, maybe even a statue, made of plaster or snow, melts in an igloo, of plaster, no concrete, temporary real estate, built by an artist and belonging to all of us, after his day, valuables that no longer exchange hands, museum pieces that once again begin to move, you become a different person in here, mosey about, prance as courteously as a tamed horse, while everything is moving, in your head, in your skull, one of them as still as, for instance, two transparent photocopies of black men, as steady as Coco Chanel's gaze, on a very good day.“

Haraldur Jónsson

## Á döfnni / What's on

### Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga / Open daily

1. maí - 30. september 10-16

1. október - 30. apríl 13-16

- 2. maí 2004

Ásmundur Sveinsson -

Nútímamaðurinn / *The Modern Man*

6. feb. - 2. maí

Píramíðarnir / *The Pyramids*

Ásdís Sif Gunnarsdóttir 6. feb. - 29. feb.

Erling Klingenberg 5. mars - 28. mars

Guðný Guðmundsdóttir 7. apríl - 2. maí

Sýningarstjóri / *Curator*: Hekla Dögg Jónsdóttir

Sunnudagur 25. apríl kl. 14

Listamannspjall

Guðný Guðmundsdóttir ræðir verk sín við sýningargestj.

Alla sunnudaga klukkan 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.

Í boði er táknmálstúlkun, þanta þarf túlkun með minnst viku fyrirvara.

Guided tours are available upon request.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVIK ART MUSEUM  
KAPPLAGAN - KJARVALS - EMBLUNUM